



Berist til skólanefnda sveitarfélaga
-Til kynningar á fund skólanefndar

Reykjavík 17. apríl 2026

2509353SA Al
Málalykill: 04.01

Efni: Tillögur til tilnefninga Íslensku menntaverðlaunanna

Með þessu bréfi viljum við hvetja skólanefndir sveitarfélaga eindregið til að senda inn tillögur til tilnefninga til Íslensku menntaverðlaunanna.

Markmið verðlaunanna er að vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi og auka veg menntaumbóta. Verðlaunin eru veitt árlega á Bessastöðum. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk sérstakrar hvatningar til aðila sem stuðlað hafa að framúrskarandi menntaumbótum.

1. **Framúrskarandi skóla-
eða menntaumbætur**, ein verðlaun veitt til skóla eða annarrar menntastofnunar.
2. **Framúrskarandi kennari**, ein verðlaun veitt til kennara.
3. **Framúrskarandi þróunarverkefni**, ein verðlaun.
Til greina koma verkefni sem tengjast skóla-
og frístundastarfi, listnámi eða öðru starfi með börnum og ungmennum.
4. **Framúrskarandi iðn-
og verkmenntun**, ein verðlaun veitt kennara, námsefnishöfundu, skóla-
og menntastofnun.
5. **Hvatningarverðlaun til einstaklings, hóps eða samtaka** sem þykja hafa skarað fram úr.

Skólanefndir gegna lykilhlutverki í stefnumótun og eftirliti með skólastarfi og hafa góða yfirsýn yfir það öfluga starf sem fram fer innan sveitarfélaganna. Þær eru því í afar góðri stöðu til að tilnefna, skóla eða aðra menntastofnun, kennara eða verkefni sem skara fram úr – hvort sem það er vegna faglegra gæða, nýbreytni, samvinnu, samfélagslegra áhrifa eða jákvæðrar þróunar í skólastarfi, til Íslensku menntaverðlaunanna.

Tillögur skulu hafa borist **fyrir 1. júní n.k.** Frekari upplýsingar og tilnefningarform má finna á vefsvæði verðlaunanna: www.skolathorun.is/menntaverdlaun.

Vakin er athygli á því að hægt er að fá ráðgjöf og aðstoð við tilnefningar með því að hafa samband við verkefnisstjóra verðlaunanna, Ingvar Sigurgeirsson, í síma 896 3829 eða í tölvupósti: [ingvars\(hja\)hi.is](mailto:ingvars(hja)hi.is)

Við hvetjum skólanefndir til að nýta þetta tækifæri, og leggja sitt af mörkum til að lyfta fram því góða starfi sem á sér stað víða um land.

Virðingarfyllt,

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna Ingadóttir, sérfræðingur